

Fab Lab Húsavík Ársskýrsla 2024



Hraðið
miðstöð
nýsköpunar

Fab Lab Húsavík opnaði að Hafnarstétt 1 í lok árs 2021. Smiðjan er hluti af samstarfsneti viðurkenndra Fab Lab smiðja um allan heim og búin fullkomnum tækjabúnaði og tölvum sem efla færni notenda til nýsköpunar og skapa samkeppnishæfara samfélag. FabLab Húsavík er opið almenningi, fyrirtækjum, frumkvöðlum og nemendum alla virka daga samkvæmt auglýstri dagskrá.

Teymið



Stefán Pétur Sólveigarson er verkefnisstjóri Fab Lab Húsavík og fer með daglega stjórnun smiðjunnar. Stefán er vöruhönnuður að mennt og hefur mikla reynslu sem frumkvöðull og í notkun tækjabúnaðar Fab Lab smiðja.

stefan@hac.is
s. 861-0057




Axel Flex Árnason sinnti tilfallandi störfum hjá Fab Lab Húsavík í verktakavinnu frá janúar til nóvember 2024. Hann var svo ráðinn í 50% starf í nóvember 2024. Hans hlutverk felst í því að sinna kennslu, viðhaldi á tækjum og að aðstoða við hin ýmsu verkefni smiðjunnar.

Aðrir starfsmenn og stjórnarmenn Þekkingarnets Þingeyinga sinna auk þess ýmsum störfum sem tengjast Fab Lab Húsavík, s.s. með setu í stýrihópi Fab Labsins, bókhaldsgerð, fjármögnun, kynningarstarfi ofl. Kennararnir Sigurður Narfi Rúnarsson (FSH), Karin Gerhartl og Egill Páll Egilsson (Borgarhólsskóli) hafa auk þess starfað í Fab Labinu og sinnt þjónustu við nemendur grunn- og framhaldsskóla.

Staðsetning

Fab Lab Húsavík er rekið innan Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar og staðsett á Stéttinni í hjarta miðbæjarins á Húsavík.



Hafnarstétt 1-3
640 Húsavík

stefan@hac.is
www.hradid.is
464-5100

Febrúar 2025
ISSN: 2988-8727
Útg. Þekkingarnet Þingeyinga

Hraðið miðstöð nýsköpunar



Fab Lab Húsavík er hluti af Hraðinu, miðstöð nýsköpunar. Hraðið er heimavöllur frumkvöðla, stofnana og fyrirtækja sem vinna að nýsköpun með einum eða öðrum hætti. Hraðið er jafnframt hluti af líflegu samfélagi stofnana og aðila sem starfa við rannsóknir, nýsköpun, símenntun og atvinnuþróun á Stéttinni á Húsavík.

Í Hraðinu er hvetjandi starfsumhverfi fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir sem starfa við skapandi verkefni. Fólk og fyrirtæki sem heimsækja Hraðið hafa aðgengi að FabLab Húsavík þar sem aðstaða er nýtt til að koma hugmyndum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni. Fólk hefur jafnframt aðgang að fundarýmum, skrifborðsaðstöðu, kennslustofu, þráðlausu neti, prentþjónustu og notalegri kaffiaðstöðu.



Frumkvöðlarými



Stúdíó



Skapandi samfélag



FabLab



Fundaaðstaða



Kennslurými



Þjálfun og fræðsla í Fab Lab smiðjum hefur það markmið að undirbúa notendur fyrir störf framtíðarinnar. Í kjölfar mikilla tæknibreytinga og sjálfvirknivæðingar undanfarin ár hafa umbyltingar átt sér stað víða í samfélaginu. Þessar framfarir í tækni hafa verið kenndar við fjórðu iðnbyltinguna og stjórnvöld um allan heim keppast nú við að efla menntun og færni fólks á þessu sviði til að auka verðmætasköpun í samfélaginu.

Á Íslandi er hlutfall þeirra sem eru menntaðir á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði (STEM greina) töluvert lægra en í öðrum Evrópulöndum og því miða áherslur íslenskra stjórnvalda að því að efla færni fólks í þeim til að geta mætt þessari þróun. FabLab smiðjur eru mikilvægt tæki menntastofnana til að efla færni í þessum greinum og Fab Lab Húsavík á í góðu samstarfi við öll skólastig á svæðinu og er samstarfsaðili fræðslunetsins STEM Húsavík.

Fab Lab Húsavík er hluti samstarfsnets Fab Lab smiðja á Íslandi. Jafnframt er það hluti af alþjóðaneti Fab Lab smiðja um allan heim.

Fab Lab Ísland leiðir samstarf smiðjanna hérlendis með það að markmiði að tryggja þekkingaryfirfærslu og faglega þróun starfsmanna.



Markmið FabLab Húsavík



að skapa vettvang fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf í atvinnulífi á nærsvæði Húsavíkur



að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, nemenda og menntastofnana í nærsamfélagi



að styðja við starfsemi frumkvöðlaseturs og þekkingarklasa á Húsavík

Fab Lab Húsavík hefur ötullega unnið að markmiðum sínum á árinu. Fjöldi notenda jókst á milli ára og Fab Labið tók þátt í fjölbreyttum og nýsköpunartengdum viðburðum á árinu. Það var auk þess valið til að halda bæði Bootcamp fyrir starfsfólk allra Fab Lab stöðva Íslands á næsta ári sem og samnorrænan vinnudag fyrir starfsfólk allra Fab Lab stöðva á Norðurlöndunum. Því er óhætt að segja að framundan séu spennandi tímar hjá Fab Lab Húsavík.

Starfsemin 2024

Árið 2024 var afar líflegt hjá FabLab Húsavík og alls voru notendur smiðjunnar um 2.600. Segja má að árið hafi einkennst af fjölbreyttum námskeiðum og góðri aðsókn skólanna á svæðinu í kennslu. Á Húsavík eru nú allmargir kennarar komnir með þjálfun til að kenna nemendum sem styrkir starfseminna töluvert.

Háskólanemar nýttu Fab Labið við fjölbreytt verkefni sín á árinu, s.s. við möppugerð fyrir Listaháskóla Íslands, útfærslu verkefna í verk- og tæknifræði, fumgerðahönnun í vöruhönnun, módelgerð í sjávardýralíffræði og margt fleira. Listaháskóli Íslands kom tvisvar með hóp nemenda á árinu sem nýtti sér aðstöðuna við kennslu og vinnustofu og kynnti námið fyrir íbúum svæðisins.

Í mars var blásið til nýsköpunarkeppninnar Krubbs þar sem sem FabLabið gegndi mikilvægu hlutverki keppenda við útfærslu hugmynda og kynningu þeirra. Í október var svo hátíð vöruhönnunar haldin þar sem Fab Labið var aftur nýtt til útfærslu sýningargripa og kynninga. Með því að smella á myndina má sjá kynningarmyndband af Hraðinu.


Námskeið og fræðsla

Fjölbreytt kennsla og þjálfun fer fram í Fab Lab Húsavík. Þjálfunin miðar að því að skapa samkeppnishæfara samfélag með því að efla færni íbúa í notkun stafrænnar framleiðslutækni og stuðla að nýsköpun.

Mikil aðsókn var í námskeið grunn- og framhaldsskólanna á árinu þar sem kennslustofa Fab Labsins var meira og minna fullsetin allan veturinn.

Í upphafi árs auglýsti Fab Lab Húsavík byrjendanámskeið í raftónlist þar sem sérstök áhersla var á taktasmíði. Markmið námskeiðisins var fyrst og fremst að kveikja áhuga og koma fólki af stað.

Þrjú námskeið voru haldin á árinu í Jesmonite munagerð sem var afar vinsælt og uppselt á þau öll. Þar var farið yfir grunnatriði við gerð afsteypu hluta úr efninu Jesmonite



Góð aðsókn var á námskeið í teikniforritinu Sketchup og var því haldið aukanámskeið fyrir þá sem ekki komust að. Um var að ræða byrjendanámskeið þar sem fólk lærði að gera einfalda teikningu af húsi og draumasólpallinum.

Sérstakt námskeið var haldið um yfirfræsarann þar sem farið var yfir grunnatriði notkunar auk þess sem kennt var á forritið VCarve. Þátttakendur hönnuðu eigin platta sem þau yfirfærðu og skáru út í tölvustýrðum fræsanum.


Haustið 2024 hófst 80 stunda hönnunar- og tilraunasmiðja í Fab Lab Húsavík þar sem markmiðið er að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auki áhuga sinn á hönnun og nýsköpun. Smiðjan er fyrir 20 ára og eldri og mikill áhugi var á henni. Ljóst er að endurtaka þarf hana fjótt til að svara eftirspurn. Kennarar komu víða að og nemendur eru frá fjölmörgum fyrirtækjum og skólum á svæðinu.



Grunnskólar

Í hverri viku eru reglulegir tímar í Fab Labinu hjá unglingastigi Borgarhólsskóla. Skólar í meiri fjarlægð hafa fengið sendar svokallaðar snjallkistur til að nota á staðnum. Í þeim má finna ýmis kennslugögn sem ætluð eru til að kenna og auka færni nemenda í forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind, rökhugsun o.fl. sem allt byggir undir tækniþekkingu og færni barna, viðheldur eðlislægri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum.


Helstu viðfangsefni í 6. og 7. bekk á þessu ári voru kassagerð í Inkscape og Makercase, laserskornir skartgripir, kökuskaut í Bambustudio og 3D prentara, leikfangagerð í Thingiverse, Bambustudio og 3D prentara, saumaverkefni í útsaumsvél og Inkscape. Hjá unglingastiginu voru ýmis verkefni unnin í laserskeranum s.s. kertastjakar og skraut, ýmis verkefni voru unnin í 3D prentaranum með Bambustudio, í fræsaranum voru gerðir kollar og blómastandar úr krossvið þar sem teiknað var í Inkscape, útfært í Vcarve Pro og fræst í Shopbot fræsara.



Myndir: Karin Gerhartl

Framhaldsskólar

Nemendur og kennarar framhaldsskólanna á svæðinu hafa líkt og aðrir skólar aðgengi að öllum tækjabúnaði og starfsfólki Fab Labsins og geta bókað fasta tíma í hverri viku í samráði við starfsfólk. Mikil og góð aðsókn var hjá Framhaldsskólanum á Húsavík í vetur þar sem áfanginn FORR2AR05 eða Arduino C forritun var kenndur á vorönn. Í þeim áfanga lærðu nemendur forritun fyrir Arduino örtölvur, rafmagnshringrásir og ýmis konar íhlutum. Einnig æfðu nemendur sig í að lóða íhluti í lítið rafrásaborð og bjuggu þannig til útlarpsmóttakara. Á haustönn 2024 var áfanginn FABL2GR05 kenndur þar sem nemendur kynntumst helstu tækjum Fab Labsins og teiknuðu í tvívídd og þrívídd. Helstu forrit sem skólinn notaði að þessu sinni var LibreCAD, FreeCAD, Thinkercad og Sketchup. Í lokin var kynning á Arduino. Kennari var Sigurður Narfi Rúnarsson.



Háskólar

Notkun háskólanema á Fab Lab smiðjunni jókst töluvert á milli ára. Nemendur Listaháskóla Íslands komu í tvígang þar sem þau dvöldu í viku og notuðu aðstöðuna fyrir útfærslu og gerð frummynda. Þau héldu að lokum sýningu á verkum sínum auk þess sem þau héldu námskeið fyrir börn á Húsavík í listgerð og sköpun.

Erlendir háskólanemar notuðu aðstöðuna við rannsóknaverkefni sín sem aðallega tengdust sjávardýrum í Skjálfandaflóa. Einnig nýttu íslenskir háskólanemar aðstöðuna við fjölbreytt verkefni s.s. möppugerð fyrir LHÍ, útfærslu verkefna í verk- og tæknifræði, módelgerð og margt fleira.



Forritunarklúbbur

Haustið 2024 hélt STEM Húsavík í samstarfi við Fab Lab Húsavík úti forritunarklúbbi fyrir grunnskólabörn. Á námskeiðinu voru nemendur sérstaklega þjálfðir til þátttöku í alþjóðlegu FIRST LEGO League keppninni sem haldin var í Reykjavík 16. nóvember.

Þema ársins var SUBMERGED eða “neðansjávar” þar sem áskorunin var að kanna hafsbotninn og afhjúpa lög og vistkerfi hafsins með skapandi hugsun og LEGO tækni.

Óhætt er að segja að Team Starfish hafi staðið sig með mikilli þrýði og fengu þau m.a. verðlaun fyrir bestu liðsheildina. Lesa má meira um keppnina [hér](#).



Mynd: STEM Húsavík



Mynd: STEM Húsavík



Mynd: STEM Húsavík



Mynd: First Lego



Háskólalestin á Húsavík

Þann 22. maí heimsótti Háskólalestin Húsavík þar sem boðið var upp á fjölmörg námskeið hjá fræðimönnum auk þess sem opið vísindahús var fyrir bæjarbúa seinnipartinn. Fab Lab Húsavík tók þátt í viðburðinum og bauð nemendum að skoða aðstöðuna í smiðjunni og prófa tækin. Karin Gehrhart kennari í Borgarhólsskóla og Huld Hafliðadóttir hjá STEM Húsavík aðstoðuðu nemendurna. Meðal þess sem Háskólalestin bauð upp á var gervigreind, stjörnufræði, efnafræði, hönnun vélmenna, hvalir í sýndarveruleika, blaða- og fréttamennska, sjúkráþjálfun, plöntur og tónlist o.fl. Lesa má meira um viðburðinn [hér](#).



Opið hús


Fab Lab Húsavík stendur fyrir reglulegum opnum tímum fyrir almenning á hverjum miðvikudegi kl. 15-18. Góð aðsókn hefur verið í þessa tíma á árinu og greinileg eftirspurn meðal almennings í aðstöðuna. Í ár auglýstum við sérstakt þema í hverri viku þar sem gestir gátu komið og fengið leiðsögn í því hverju sinni. Má þar m.a. nefna mótagerð í Mayku Multiplier, sleðagerð í tengslum við Vetrarhátíðina við Mývatn, útsaum í tölvustýrðri Brother útsaumsvél, búningagerð fyrir Hrekkjavökuna, skiltagerð fyrir Mærudaga, jólasmiðju, grímugerð fyrir Sæskrímslahátíðina sem var á vegum Listahátíðar í Reykjavík, Pilkington props og Hringleik og svo mætti lengi telja. Aðsókn í opna daga hefur aukist umtalsvert á milli ára.

Námsefni um tækjabúnað, hugbúnað og verkefnakveikjur hjá Fab Lab Ísland má finna á <https://fablab.is/menntun/>.





Hátíð vöruhönnunar

Dagana 28.-30. september stóð Hraðið fyrir hátíð hönnunar og nýsköpunar sem ber nafnið Design Thing. Áhersla ársins var á tónlist og margvíslegar birtingarmyndir snertiflata hönnunar og tónlistar. Hingað komu innlendir og erlendir hönnuðir og sérfræðingar sem voru með fræðsluerindi og kynningar á verkefnum sínum. Vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands var auk þess í Hraðinu með vinnustofu í eina viku þar sem þau notuðu aðstöðuna í Fab Lab Húsavík til að útfæra hugmyndir sínar og verk. Nemendur og kennarar LHÍ tóku virkan þátt í hátíðinni og voru með sýningu á verkum sínum í Verbúðinni á Húsavík. Hönnunarþing er nú árlegur viðburður hjá Hraðinu og á næsta ári verður áherslan á hönnun og nýsköpun í matargerð. Meiri upplýsingar um hátíðina má finna [hér](#).



Krubbur hugmyndahraðhlaup

Dagana 8.-9. mars var nýsköpunarkeppnin KRUBBUR hugmyndahraðhlaup haldin á Stéttinni. Þar var unnið í teyllum að lausnum sem tengjast nýtingu hráefnis sem fellur til á Húsavík. Þátttakendur deildu þekkingu og reynslu og unnu saman að því að útfæra lausnir við áskorunum sem fyrirtæki á svæðinu kynntu. Teymin fengu ráðgjöf frá sérhæfðum leiðbeinendum sem gátu aðstoðað þau við að útfæra hugmyndirnar. Með þessum nýsköpunarviðburði var markmiðið að efla skapandi hugsun og frumkvöðlastarf á sama tíma og unnið var að markmiðum hringrásarhagkerfisins. Hugmyndir teymanna voru útfærðar í Fab Lab Húsavík og frumgerðir þeirra kynntar fyrir dómnefnd. Frekari upplýsingar um keppnina má finna [hér](#).



Smiðja vöruhönnuða

Fab Lab Húsavík er einkar vel tækjum búið fyrir vöruhönnun. Smiðjan hefur því dregið til sín marga af færustu hönnuðum landsins til að nýta sér aðstöðuna við hönnun og útfærslu frumgerða. Meðal þeirra sem hafa komið og dvalið hér við störf sín eru Sigurjón Pálsson vöruhönnuður, vöru- og innanhússhönnunarfyrirtækið Hugdetta, Röðull Reyr Kárason hönnuður, alþjóðlega hönnunarteymið 1+1+1 auk þess sem kennarar og nemendur í vöruhönnun Listaháskóla Íslands koma reglulega og halda hér vinnustofur.



STEM Húsavík



STEM Húsavík er samfélagsmiðað námsvisterfi með áherslu á eflingu íbúa í STEM greinum og færni fyrir 21. öldina. Það var formlega stofnað í maí 2022 og hefur aðsetur í Hraðinu, miðstöð nýsköpunar. Markmið STEM Húsavík er að efla íbúa og byggja upp færni með því að tengja saman fjölbreyttar auðlindir, náttúru og samfélag. STEM Húsavík starfar eftir áhrifaríku líkani STEM Learning Ecosystems og eru Fab Lab Húsavík, Hraðið og Þekkingarnet Þingeyinga, ásamt fjölmörgum aðilum nærsamfélagsins meðlimir námsvistkerfisins. Vistkerfið er lifandi og leggur áherslu á gagnvirkra þátttöku og samvinnu. Fab Lab Húsavík hefur unnið náið með STEM Húsavík frá upphafi, m.a. með setu í ráðgefandi stjórn STEM Húsavík.

Haustið 2023 setti STEM Húsavík í samstarfi við FabLab Húsavík á fót forritunarklúbb með það að markmiði að bjóða ungmönnum upp á þátttöku í First Lego League keppninni á Íslandi. Var samstarfið endurtekið haustið 2024 og leggur FabLab til leiðbeinanda og húsakynni á meðan STEM Húsavík sér um utanumhald og þjálfun leiðbeinenda.

Samstarfsverkefni

Fab Lab Húsavík tók þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum innanlands og erlendis á árinu.


- Í gegnum Hraðið er Fab Lab Húsavík aðili að regnhlífarsamtökunum Norðanátt. Norðanátt er hreyfiafl sem miðar að því að efla frumkvöðlastarfsemi á Norðurlandi með fjölda viðburða í hringrás nýsköpunar og þannig færa verðmætasköpun nær auðlindunum, þekkingu og hugviti.
- Viðskiptahraðallinn Startup Stormur er fyrir sprotafyrirtæki og nýsköpun á Norðurlandi með áherslu á sjálfbærni mat, vatn og orku. Hópurinn vann í aðstöðu Hraðisins og Fab Lab Húsavík að verkefnum sínum ásamt mentorum í nóvember.
- Bootcamp fyrir starfsfólk FabLab smiðjanna var haldið á Selfossi þar sem stjórnendur allra Fab Lab smiðja hittust í 3 daga og fóru yfir starfssemi, framtíð og sérverkefni. Næsta Bootcamp verður haldið á Húsavík 2025.
- Fab Lab Húsavík var þátttakandi í Evrópuverkefninu SPECIAL, ásamt sjö samstarfsaðilum frá Evrópu. Verkefnið miðaði að því að styrkja lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu. Það var til þriggja ára og lauk á árinu.
- Í gegnum Hraðið er Fab Lab Húsavík í þéttu samstarfi við Listaháskóla Íslands sem kemur reglulega og heldur vinnustofur hér.



- Í samstarfi við STEM Húsavík var sett saman lið barna á aldrinum 8 til 14 ára sem æfðu kóðun á lego vélmennum og enduði á að keppa í First Lego League Ísland. Í verkefninu vinna krakkarnir að hönnun, forritun o.fl.
- Fab Labið er í góðu samstarfi við KLAK Icelandic Startups sem hefur m.a. komið að viðburðahaldi hjá okkur árinu, t.d. í nýsköpunarkeppninni Krubbi.
- Ýmis önnur verkefni voru unnin í Fab Labinu á árinu. Fab Lab smiðjur á norðurlandi eiga í góðu samstarfi þar sem leitast er við að deila þekkingu og þjálfun við tækjabúnað og kennslu.



Fjöldi notenda



Skráðir notendur í Fab Lab Húsavík voru 2.606 á árinu 2024. Það er nokkur aukning frá fyrra ári og þá sérstaklega meðal grunnskólanema, frumkvöðla, nema á námskeiðum og notenda sem mættu á opna daga Fab Labsins. Minna var um gesti sem tengdust kynningum og móttöfum á árinu. Sú þróun er jákvæð og sýnir að fjölgunin á sér stað meðal virkra notenda smiðjunnar.

FJÖLDI NOTENDA 2023 2024:

| | | |
|----------------------|--------------|--------------|
| Grunnskólar | 589 | 789 |
| Framhaldsskólar | 415 | 378 |
| Háskólar | 256 | 252 |
| Frumkvöðlar, atv.líf | 86 | 215 |
| Námskeið | 84 | 219 |
| Opið hús | 126 | 441 |
| Kynning | 826 | 161 |
| Annað | 50 | 151 |
| Samtals | 2.432 | 2.606 |

Í mars og október var mikið líf nýsköpunartengdum viðburðum og þá sérstaklega tengt nýsköpunarkeppninni Krubbi og hátíð vöruhönnunar. Notkun Fab Lab smiðjunnar var mikil meðan á því stóð. Notkunin er mest yfir vetrarmánuðina og nokkuð var um kynningar og vinsæla viðburði í opnu húsi um vor og fyrripart sumars.

Starfsáætlun 2025

Fab Lab Húsavík mun halda áfram að bjóða metnaðarfull námskeið fyrir íbúa, atvinnulíf og nemendur svæðisins. Mikilvægt er að fylgja eftir þeirri þjálfun og hæfni sem nú þegar hefur skapast meðal notenda og byggja ofan á hana með enn þróaðri námskeiðum og námsleiðum. Fab Lab Húsavík vinnur nú að gerð sérstakrar námsskrár fyrir leiðbeinendur Fab Lab smiðja sem styrkt er af Fræðslusjóði sem mun reynast mikilvægt tól fyrir frekari hæfnipróun notenda. Opið hús heldur áfram hjá smiðjunni þar sem áfram verður unnið með sérstakt þema hverju sinni. Hefur það reynst afar vel þar sem sjónum hefur sérstaklega verið beint að valinni tækni eða tækjum í hvert sinn. Kynningarstarf Fab Labsins hefur skilað sér vel og verður því haldið áfram með svipuðum hætti, aðallega á vef- og samfélagsmiðlum. Áframhaldandi samstarf verður við STEM Húsavík sem m.a. felst í forritunarnámskeiði grunnskólanema og þátttöku í LEGO League 2025. Hátíð vöruhönnunar, Design Thing, verður haldin 28.-30. september og nýsköpunarkeppnin KRUBBUR hugmyndahraðhlaup 28.-29. mars. Mikil tilhlökkun er fyrir Fab Lab Bootkampinu sem haldið verður á Húsavík fyrir starfsfólk allra Fab Lab smiðja á vormánuðum 2025. Gaman er að segja frá því að Fab Lab Húsavík var einnig valið til að halda samnorran vinnudag allra Fab Lab smiðja á Norðurlöndunum í janúar 2026. Unnið verður sérstaklega að tengslamyndun í nýsköpunargeiranum og mun verkefnisstjóri áfram sækja viðburði og heimsækja stofnanir, fyrirtæki og samtök í þeim geira. Framundan eru m.a. samstarfssamningar Hraðsins við Vísindagarða Grósku og Háskólann á Akureyri. Hér er því margt spennandi framundan og mikið líf í Fab Lab Húsavík. Ég hlakka mikið til að halda áfram að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða smiðjunnar og þær áskoranir sem sveitarfélagið, skólarnir og fólk í Húsavík og í nágrenni koma með til okkar í Fab Lab Húsavík.



Stefán Pétur Sólveigarson
verkefnisstjóri Fab Lab Húsavík og
Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar

Rekstur

Fab Lab Húsavík starfar samkvæmt samningi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing. Þessir samningar tryggja húsaleigu og starfsmann að hluta, en til að geta viðhaldið tækjabúnaði og haldið úti þjónustu eru aðrar tekjur nauðsynlegar. Hraðið hefur lagt til það sem upp á vantar á móti ofangreindum samningum og FabLabið hefur einnig notið velvilja fyrirtækja á svæðinu. PriceWaterhouseCoopers heldur utan um bókhald og gerir rekstraruppgjör fyrir FabLab Húsavík. Uppgjörið var enn í vinnslu þegar skýrslan var birt. Það verður því sent ráðuneytum og Norðurþingi þegar það liggur fyrir.



Fulltrúar Hraðsins, ÞP, Norðurþings og HVIN á fundi í FabLab Húsavík í maí 2023

Dæmigerð vikudagskrá

| | MÁNUDAGUR | ÞRIÐJUDAGUR | MIDVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR |
|---------------|-------------------------------|------------------------|--------------------|--------------------------|-------------------|
| 8:00 - 9:00 | | FSH PYTHON FORRITUN | | | BORGARHOLSSK. VAL |
| 9:00 - 10:00 | FSH PYTHON FORRITUN | FSH PYTHON FORRITUN | | | BORGARHOLSSK. VAL |
| 10:00 - 11:00 | HRADID FRUMKVÖDLAR | BÓKANLEGUR TÍMI | FAB LAB ÍSLAND | BÓKANLEGUR TÍMI | BORGARHOLSSK. VAL |
| 11:00 - 12:00 | HRADID FRUMKVÖDLAR | BÓKANLEGUR TÍMI | BORGARHOLSSK. VAL | BÓKANLEGUR TÍMI | |
| 12:00 - 13:00 | | | | FRAMHALDS-SKÓLINN 3D | |
| 13:00 - 14:00 | BORGARHOLSSK. TVÍVÐID TEIKNUN | FSH - FORRITUN | HRADID FRUMKVÖDLAR | | |
| 14:00 - 15:00 | BORGARHOLSSK. TVÍVÐID TEIKNUN | BORGARHOLSSK. INKSCAPE | OPIÐ HÚS | BORGARHOLSSK. 3D GRUNNUR | |
| 15:00 - 16:00 | HRADID FRUMKVÖDLAR | | OPIÐ HÚS | | |
| 16:00 - 17:00 | | | OPIÐ HÚS | | |
| 17:00 - 18:00 | NÁMSKEIÐ ÚTSAUMUR | HÖNNUNAR-SMIÐJA | OPIÐ HÚS | HÖNNUNAR-SMIÐJA | |
| 18:00 - 19:00 | NÁMSKEIÐ ÚTSAUMUR | HÖNNUNAR SMÍÐJA | | HÖNNUNAR SMÍÐJA | |
| 19:00 - 20:00 | | | | | |
| 20:00 - 21:00 | | | | | |
| 21:00 - 22:00 | | | | | |

Húsnæðismál

Fab Lab Húsavík er staðsett á Stéttinni á Húsavík, nýju húsnæði rannsókna, nýsköpunar og þekkingar. Nánar tiltekið er Fab Labið hluti af nýsköpunarmiðstöðinni Hraðinu. Í Hraðinu er hvetjandi starfsumhverfi fyrir fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir sem starfa við skapandi verkefni. Fjöldi fundarrýma er þar fyrir teymisvinnu, hugarflugsfundi, fjarfundi og upptökur. Einnig er þar notaleg kaffiaðstaða.



Skapandi samfélag

Hraðið er hluti af stærra samfélagi þekkingar og atvinnulífs. Þar eru undir sama þaki háskóli, frumkvöðlar, símenntunarmiðstöð, vísindafólk, náttúrustofa og stoðkerfi atvinnulífsins



Frumkvöðlarými

Í boði er vinnuaðstaða fyrir frumkvöðla þar sem hægt er að leigja aðstöðu til lengri eða skemmri tíma. Einnig aðstaða fyrir störf án staðsetningar.



Fab Lab Húsavík

Fullbúin tæknismiðja skapar tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni.



Fundaraðstaða

Fjölbreytt fundaraðstaða, allt frá eins manns næðisrýmum upp í 20 manna fundarsali.



Stúdíó

Í miðstöðinni er sérútbúið stúdíó fyrir hljóð- og myndupptökur með tæknibúnaði og grænskjá. Tilvalið fyrir hlaðvarpsgerð og videóupptökur.



Kennslurými

Aðgengi er að kennslurými með nauðsynlegum tækjabúnaði og húsgögum fyrir allt að 20 manns.

Tækjabúnaður

Fab Lab Húsavík er búið öllum þeim tækjum sem gera smiðjuna að viðurkenndri Fab Lab smiðju og nauðsynleg eru fyrir frumkvöðla, nemendur og aðra til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með aðstoð stafrænnar tækni af hæstu gæðum.

Eftirfarandi tæki eru nú tilbúin til notkunar:

- Laserskeri, Epilog Fusion Pro 120W - 2021
- Roland Camm-1 GS-24 vínlskeri - 2021
- Stór fræsivél, Shopbot PRS-alpha - 2021
- Fín fræsivél, Roland Modela MDX-20 - 2021
- 3D prentari, Ultimaker 3S - 2021
- 3D prentari, Original Prusa i3 MK3S+ - 2021
- 3D prentari fimm lita Original Prusa i3 MK3S+ - 2021
- 3D prentari resínprentari Anycubic MONO X 4K - 2022
- 3D prentari BamboLab X1 Carbon - 4 lita - 2023
- Phrozen mini resínprentari 8K - 2022
- Auto clam hitapressa 38x38cm - 2022
- Formmótunarvél Mayku Multiplier - 2022
- FLKey 49 raftónlistarhorn
- Sýndarveruleikagleraugu
- Brother PR680 útsaumsvél, venjuleg og overlockvél 2024

Tölvur og skjáir

- 4 x Lenovo TC M90q I7 - vinnutölvur - 2021
- 12 x Lenovo TC M80q I7 - vinnutölvur - 2021
- 1 x Apple I Mac 27 - 2015

